

Sameiginleg kjarastefna ríkis og sveitarfélaga

Sameiginleg kjarastefna ríkis og sveitarfélaga er niðurstaða samstarfs þeirra í kjaramálaráði og var hún samþykkt í samstarfsnefnd ríkis og sveitarfélaga, Jónsmessunefnd, 21. febrúar 2019. Í stefnunni er sett fram framtíðarsýn og sameiginleg markmið opinberra vinnuveitenda sem miða öll að því að tryggja opinbera þjónustu með hagkvæmum hætti fyrir almenning og stuðla að heilbrigðum vinnustöðum.

Kjarastefnan byggir á hagstjórnarlegum markmiðum fjármálaáætlunar og samkomulagi ríkis og sveitarfélaga um markmið um afkomu og efnahag sveitarfélaga. Stefnan styður þannig við samkeppnishæfni þjóðarbúsins, efnahagslega stöðuleika og langtíma jafnvægi opinberra fjármála.

Framtíðarsýn sameiginlegrar kjarastefnu ríkis og sveitarfélaga

Hið opinbera er samkeppnisfært á vinnumarkaði og stuðlar þannig að hagkvæmni, árangri og góðri frammistöðu. Jafnræði er í launasetningu opinberra starfsmanna og gagnsæi ríkir um laun, önnur kjör og launaþróun. Svigrúm til launabreytinga er ákvarðað af samkeppnisstöðu leiðandi atvinnugreina gagnvart helstu viðskiptalöndum.

Markmið sameiginlegrar kjarastefnu ríkis og sveitarfélaga

- Tryggja samkeppnishæfni hins opinbera á vinnumarkaði.
- Tryggja jafnræði í launasetningu opinberra starfsmanna.
- Efla gagnsæi um laun, önnur kjör og launaþróun.

Ríki og sveitarfélög munu vinna saman að:

- Kaupmáttaraukningu án þess að raska stöðugleika efnahagskerfisins.
- Nýta kjarasamninga sem tæki til að skapa opinberri starfsemi hagstæð skilyrði og stuðla þannig að hagkvæmni, árangri og góðri frammistöðu.
- Innleiðingu nýs samningalíkans þar sem gildistími kjarasamninga er samræmdur og launaþróun opinberra starfsmanna sambærileg við launaþróun á almennum markaði.
- Eftirfylgni samkomulags aðila vinnumarkaðarins um samræmingu launa í framhaldi af samræmingu lífeyrisréttinda á opinberum og almennum vinnumarkaði.
- Stuðla að samhæfingu við gerð og efnisinnihald kjarasamninga.
- Aukinni upplýsingaskyldu til Hagstofu Íslands og meiri skýrslugjöf Hagstofu Íslands til allra aðila vinnumarkaðarins.
- Fjölskylduvænum starfsskilyrðum á heilbrigðum vinnustöðum.
- Þróun vinnumarkaðslíkans þar sem samkeppnisstaða leiðandi atvinnugreina gagnvart helstu viðskiptalöndum ákvarði svigrúm til launabreytinga.
- Eflingu launatölfræði og samræmingu á nýtingu upplýsinga um laun og launaþróun.
- Greiningu á launamun og samræmingu kjara milli markaða.
- Upplýsingamiðlun um kjör, ráðstöfunartekjur, launaþróun og kjarasamninga.

Ríki og sveitarfélög hafi samráð vegna ráðstafana sem hafa áhrif t.d. á opinber fjármál og gripið er til í tengslum við gerð kjarasamninga.

Kjaramálaráð ríkis og sveitarfélaga skal skilgreina sameiginleg samningsmarkmið á grundvelli stefnunnar, samkomulags ríkis og sveitarfélaga og fjármálaáætlunar.

2019

F.h. fjármála- og efnahagsráðherra

F.h. Reykjavíkurborgar

F.h. Sambands íslenskra sveitafélaga